



Borgarráð

Reykjavík, 13. desember 2024

MIR24030002

## Samningar við félög og samtök

Á fundi menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs 13. desember 2024 voru lögð fram hjálögð samningsdrög við eftirtalin félög og samtök um samskiptamál hvað varðar styrkveitingar, rekstur ofl.

- Glímufélagið Ármann 3 ár vegna reksturs í Laugabóli
- Knattspyrnufélagið Þróttur 3 ár vegna reksturs í Laugabóli og æfingavöllum, og gervigrasvelli og aðalvelli.
- Knattspyrnufélagið Fram 3 ár vegna reksturs íþróttamannvirkja í Úlfarsárdal
- Knattspyrnufélagið Þróttur 3 ár vegna Rey Cup alþjóðlega knattspyrnuhátið
- Skautahöll Reykjavíkur 3 ár vegna reksturs Skautahallarinnar
- Skáksamband Íslands 2 ár vegna Reykjavíkurskákómóts
- Tónhylur 3 ár vegna reksturs
- Tónlistarþróunarmiðstöð 1 ár vegna reksturs
- Íþróttabandalag Reykjavíkur 3 ár vegna viðburða
- Bandalag Ísl. listamanna 2 ár vegna þjónustu


Lagt var til að gerðir verði samningar til eins, tveggja ára eða þriggja ára frá 1. janúar 2025 sbr. forsk. Fjárveiting ársins 2025 er í samræmi við fjárhagsramma menningar- og íþróttasviðs og fyrirvari er í samningunum um samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar ár hvert.

Fulltrúar meirihluta Samfylkingar, Pírata og Viðreisnar lögðu fram svohljóðandi bókun:

*Hluti styrkja ráðsins til menningar og íþróttamála eru bundnir í samningum við félög og félagasamtök sem ýmist eru til eins, tveggja eða þriggja ára. Þessir samningar skapa viðkomandi félögum aukinn stöðugleika í starfi sínu og eru mikilvæg forsenda þess að hægt sé að stuðla að meiri fjárfestingum í menningarlífi borgarinnar sem borinn er uppi af starfi sjálfstæðra listhópa og félaga.*

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð samþykkti samningsdrögin fyrir sitt leyti og vísar þeim til staðfestingar borgarráðs.

Virðingarfyllt,

  
Steinþór Einarsson,  
skrifstofustjóri stjórnarsýslu  
menningar- og íþróttasviðs

Hjálagt:  
Drög að samningum



Reykjavík

# Samningur um rekstur íþróttamannvirkja í Laugabóli

Þessi samningur er gerður á milli Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík, og Glímufélagsins Ármanns, kt. 420169-0359, Engjavegi 7, 104 Reykjavík, (hér eftir nefnt „Ármann“).

## 1. gr.

Ármann skal sjá um rekstur íþróttasalar og skrifstofu- og félagsaðstöðu í Íþróttamiðstöðinni Laugabóli, Engjavegi 7, 104 Reykjavík (hér eftir nefnt „Laugaból“), frá og með 1. janúar 2025 samkvæmt nánari ákvæðum samnings þessa.

## 2. gr.

Frá og með 1. janúar 2025 skal Ármann greiða rekstrarkostnað, sbr. 6. gr., og bera ábyrgð á rekstri Laugabóls.

## 3. gr.

Starfsfólk og stjórn Ármanns skal kynna sér; siðareglur, jafnréttisstefnu og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og fylgja þeim. Ármann skal jafnframt veita Reykjavíkurborg upplýsingar um þátttöku í starfinu eftir kyni sé þess óskað.

Ármann skal láta þess getið í öllu kynningarefni á vegum félagsins að það hafi hlotið styrk frá Reykjavíkurborg og skal kynningarefnið auðkennt með merki Reykjavíkurborgar.

## 4. gr.

Ármann skal greiða allan rekstrarkostnað, þ.m.t. laun starfsmanna sem starfa við umsjón Laugabóls og bað- og búningsklefa, kostnað við ræstingar og útkalla vegna brunavarna- og innbrotakerfis.

Ármann skal kaupa ábyrgðartryggingu vegna starfsmanna sinna og bera ábyrgð á því tjóni sem gestir kunna að verða fyrir og rekja má til vanrækslu við umsjón félagsins á Laugabóli.

Ármann ber ekki ábyrgð á tjóni sem gestir kunna að verða fyrir vegna mannvirkja sem eru í eigu og á ábyrgð Eignasjóðs Reykjavíkurborgar.

Ármann skuldbindur sig til að halda við þeim mannvirkjum sem samningur þessi nær til og annast allt almennt viðhald og lagfæringar sem nauðsynlegar verða á samningstímanum, umfram það sem gert er ráð fyrir í áætlunum Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar og Eignasjóðs Reykjavíkurborgar.

Félagið skal jafnframt kaupa ábyrgðartryggingu vegna tjóns, sem gæti orðið á mannvirki eða búnaði af völdum mistaka starfsmanna Ármanns.

Reykjavíkurborg mun greiða fyrir kostnað við rafmagn, hita, kalt vatn og brunavarna- og innbrotakerfi. Öll útköll vegna bruna- og innbrotakerfis verða greidd af Reykjavíkurborg og skal Ármann endurgreiða Reykjavíkurborg slík útgjöld í desember ár hvert. Menningar- og íþróttasvið Reykjavíkurborgar (hér eftir nefnt „MÍR“) greiðir innri leigu vegna mannvirkisins til Eignasjóðs Reykjavíkurborgar.

Sérstaklega skal hugað að orkukostnaði í félagshúsi og fimleikahúsi. Ármann skal láta lesa af mælum mánaðarlega og skrá á þjónustuvef Veitna (nú á veitur.is).

#### **5. gr.**

Rekstrarframlag MÍR til Ármanns vegna þessa samnings skal vera samkvæmt áætlun kr. 25.345.530,- ár hvert sem greiðast Ármanni með jöfnum mánaðarlegum greiðslum. Ármanni er heimilt að leigja út húsnæði sem þessi samningur tekur til og renna þær tekjur til Ármanns.

Rekstrarframlag MÍR skal taka mið af verðlagsbreytingum miðað við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Skal upphafsvísitala slíkra verðlagsbreytinga vera framangreind vísitala fyrir janúar 2025 og uppreiknuð vísitala, vísitala þess mánaðar er rekstrarframlag skal greitt.

Ármann skal gera fjárhagsáætlun, árshlutauppgjör og ársuppgjör og leggja fyrir MÍR.

#### **6. gr.**

Ármann og Knattspyrnufélagið Þróttur sem hafa aðstöðu í Laugabóli skulu gera með sér samkomulag um samstarf varðandi sameiginlegan rekstur og nýtingu mannvirkisins. Þannig skal Ármann fá aðgang að samkomusal vegna stærri funda og aðgang að búningsklefum vegna stærri móta í Laugabóli. Um afnot þessi skal hafa fullt samráð við framkvæmdastjóra Þróttar. Þá skal Þróttur hafa aðgang að aðstöðu Ármanns vegna ReyCup í samráði við framkvæmdastjóra Ármanns.

Um afnot af Laugardalshöll vegna sérstakra viðburða í tengslum við félagsstarf Ármanns er heimilt hverju sinni að gera samning við MÍR/Laugardalshöll.

#### **7. gr.**

Samningsaðilar eru sammála um að fimm mánuðum áður en samningurinn rennur út skuli teknar upp viðræður um endurnýjun samningsins eða samningslok og skal ákvörðun liggja fyrir eigi síðar en 1. nóvember 2027.

#### **8. gr.**

Verði veruleg breyting á rekstri samkvæmt samningi þessum, frá því sem er við undirritun samnings, svo sem vegna kjarasamninga, er samningsaðilum heimilt að óska eftir endurskoðun á samningnum og skal ósk um slíkt berast til menningar-, íþrótt- og tómsundaráðs Reykjavíkurborgar.

**9. gr.**

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki borgarstjórnar á fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar ár hvert.

**10. gr.**

Samningur þessi gildir frá og með 1. janúar 2025 til og með 31. desember 2027. Samningur þessi er uppsegjanlegur af beggja hálfu með árs fyrirvara frá þeim degi þegar tilkynning um uppsögn er send gagnaðila með sannanlegum hætti.

**11. gr.**

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi er þrjár blaðsíður, gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík, \_\_. desember 2024.

F.h. Reykjavíkurborgar

---

F.h. Glímufélagsins Ármanns

---

# Samningur um rekstur íþróttamannvirkja í Laugabóli

Þessi samningur er gerður á milli Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík, og Knattspyrnufélagsins Þróttar, kt. 470678-0119, Engjavegi 7, 104 Reykjavík, (hér eftir nefnt „Þróttur“).

## 1. gr.

Þróttur skal sjá um rekstur skrifstofu- og félagsaðstöðu og búningaþstöðu í Íþróttamiðstöðinni Laugabóli, Engjavegi 7, 104 Reykjavík (hér eftir nefnt „Laugaból“), ásamt æfingavöllum og gervigrasvelli, aðalkeppnisvelli félagsins frá og með 1. janúar 2025 samkvæmt nánari ákvæðum samnings þessa.

## 2. gr.

Frá og með 1. janúar 2025 skal Þróttur greiða rekstrarkostnað mannvirkja, sbr. 6. gr. og bera ábyrgð á rekstri húss og valla.

## 3. gr.

Starfsfólk og stjórn Þróttar skal kynna sér; siðareglur, jafnréttisstefnu og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og fylgja þeim. Þróttur skal jafnframt veita Reykjavíkurborg upplýsingar um þátttöku í starfi Þróttar eftir kyni sé þess óskað.

Þróttur skal láta þess getið í öllu kynningarefni á vegum félagsins að það hafi hlotið styrk frá Reykjavíkurborg og skal auðkennt með merki Reykjavíkurborgar.

## 4. gr.

Þróttur skal greiða rekstrarkostnað vegna húss og valla, þ.m.t. laun starfsmanna sem starfa við umsjón fasteignar, valla og við það- og búningaklefvörslu og kostnað við ræstingar og útkalla vegna brunavarna- og innbrotakerfis.

Þróttur skal kaupa ábyrgðartryggingu vegna starfsmanna og bera ábyrgð á því tjóni sem gestir kunna að verða fyrir og rekja mál til vanrækslu við umsjón félagsins á félagshúsi og íþróttamannvirkjum.

Þróttur ber ekki ábyrgð á tjóni sem gestir kunna að verða fyrir vegna mannvirkja sem eru í eigu og á ábyrgð Eignasjóðs Reykjavíkurborgar.

Þróttur skuldbindur sig til að halda við þeim mannvirkjum sem samningur þessi nær til og annast allt almennt viðhald og lagfæringar sem nauðsynlegar verða á samningstímanum, umfram það sem gert er ráð fyrir í áætlunum Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar og Eignasjóðs Reykjavíkurborgar.

Félagið skal jafnframt kaupa ábyrgðartryggingu vegna tjóns, sem gæti orðið á mannvirki eða búnaði af völdum mistaka starfsmanna Þróttar.

Reykjavíkurborg mun greiða fyrir kostnað við rafmagn, hita, kalt vatn og brunavarna- og innbrotakerfi. Öll útköll vegna bruna- og innbrotakerfis verður greitt af Reykjavíkurborg og endurkrafið af Þrótti í desember ár hvert. Menningar- og íþróttasvið Reykjavíkurborgar (hér eftir nefnt „MÍR“) greiðir innri leigu vegna mannvirkisins til eignasjóðs Reykjavíkur.

Sérstaklega skal hugað að orkukostnaði í félagshúsi. Félagið skal lesa af mælum mánaðarlega og skrá á veitur.is

#### **5. gr.**

Rekstrarframlag MÍR til Þróttar vegna þessa skal vera samkvæmt áætlun kr. 25.197.753,- á árunum sem greiðast Þrótti með jöfnum mánaðarlegum greiðslum. Þrótti er heimilt að leigja út veislusal og velli og renna þær tekjur til Þróttar, svo og tekjur af auglýsingum á mannvirkjum.

Reykjavíkurborg eru heimiluð afnot af veitingaaðstöðu og samkomusal og gervigrasvelli á samningstímanum fyrir fundi og ráðstefnur án endurgjalds.

Rekstrarframlag MÍR skal taka mið af verðlagsbreytingum miðað við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Skal upphafsvísitala slíkra verðlagsbreytinga vera framangreind vísitala fyrir janúar 2025 og uppreiknuð vísitala, vísitala þess mánaðar er rekstrarframlag skal greitt.

Þróttur skal gera fjárhagsáætlun, árshlutauppgjör og ársuppgjör og leggja fyrir MÍR.

#### **6. gr.**

Þróttur og Glímufélagið Ármann sem hafa aðstöðu í Laugabóli skulu gera með sér samkomulag um samstarf varðandi sameiginlegan rekstur og nýtingu mannvirkisins. Þannig skal Ármann fá aðgang að samkomusal vegna stærri funda og aðgang að búningssklefum vegna stærri móta í Laugabóli. Um afnot þessi skal hafa fullt samráð við framkvæmdastjóra Þróttar. Þá skal Þróttur hafa aðgang að aðstöðu Ármanns vegna ReyCup í samráði við framkvæmdastjóra Ármanns.

Um afnot af Laugardalshöll vegna sérstakra viðburða í tengslum við félagsstarf félagsins er heimilt hverju sinni að gera samning við MÍR/Laugardalshöll.

#### **7. gr.**

Þróttur skal annast alla þjónustu við æfingar og mót á vegum Þróttar og Íþróttabandalags Reykjavíkur (hér eftir nefnt „ÍBR“) og við æfingar. Samráð skal vera á milli starfsmanna á skrifstofum Þróttar og ÍBR um niðurröðun leikja, móta og æfinga. Þrótti eru heimil öll eðlileg afnot af aðstöðu í þjónustu Þróttar utan þess tíma sem ráðstafað er af ÍBR. Þrótti er heimilt að ráðstafa tímum til þriðja aðila fyrir utan æfingaráætlun Þróttar og ÍBR. Þróttur skal afhenda ÍBR óskir sínar um æfingar fyrir 1. ágúst ár hvert svo hægt sé að taka tillit til þeirra við gerð æfingataflna.

**8. gr.**

Samningsaðilar eru sammála um að fimm mánuðum áður en samningurinn rennur út skuli teknar upp viðræður um endurnýjun samningsins eða samningslok og skal ákvörðun liggja fyrir eigi síðar en 1. nóvember 2027.

**9. gr.**

Verði veruleg breyting á rekstri samkvæmt samningi þessum, frá því sem er við undirritun samnings, svo sem vegna kjarasamninga, er samningsaðilum heimilt að óska eftir endurskoðun á samningnum og skal ósk um slíkt berast til menningar-, íþróttá- og tólmstundaráðs Reykjavíkurborgar.

**10. gr.**

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki borgarstjórnar á fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar ár hvert.

**11. gr.**

Samningur þessi gildir frá og með 1. janúar 2025 til og með 31. desember 2027. Samningur þessi er uppsegjanlegur af beggja hálfu með árs fyrirvara frá þeim degi þegar tilkynning um uppsögn er send gagnaðila með sannanlegum hætti.

**12. gr.**

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi er þrjár blaðsíður, gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík, \_\_. desember 2024.

F.h.Reykjavíkurborgar

---

F.h. Knattspyrnufélags Próttar

---

# Samningur um rekstur íþróttamannvirkja í Úlfarsárdal

Þessi samningur er gerður á milli Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík, og Knattspyrnufélagsins Fram, kt. 491070-0139, Úlfarsbraut 122-124, 113 Reykjavík, (hér eftir nefnt „Fram“).

## 1. gr.

Fram skal sjá áfram um rekstur á skrifstofu- og félagsaðstöðu og búningaþstöðu og íþróttahús í Íþróttamiðstöðinni í Úlfarsárdal, Úlfarsbraut 122-124, 113 Reykjavík, ásamt æfingavöllum, gervigrasvelli, keppnisvelli og áhorfendastúku við keppnisvöllinn. Samningur þessu tekur gildi frá og með 1. janúar 2024 og gildir til 31. desember 2026.

Frá og með framangreindum dagsetningum skal Fram greiða rekstrarkostnað viðkomandi mannvirkja, sbr. 3. gr. og bera ábyrgð á rekstri húss og valla.

## 2. gr.

Starfsfólk og stjórn Fram skal kynna sér; siðareglur, jafnréttisstefnu og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og fylgja þeim. Fram skal jafnframt veita Reykjavíkurborg upplýsingar um þátttöku í starfinu eftir kyni sé þess óskað.

Fram skal láta þess getið í öllu kynningarefni á vegum félagsins að það hafi hlotið styrk frá Reykjavíkurborg og skal það auðkennt með merki Reykjavíkurborgar.

## 3. gr.

Fram annast alla þjónustu við æfingar og mót á vegum Fram og Íþróttabandalags Reykjavíkur (hér eftir nefnt ÍBR). Samráð verður á milli starfsmanna á skrifstofum Fram og ÍBR um niðurröðun leikja, móta og æfinga í öllum þeim mannvirkjum sem tilgreind eru í samningi þessum.

Fram fær styrk ár hvert í samræmi við húsaleigu- og æfingastyrkjareglur ÍBR og Reykjavíkurborgar. Styrkurinn er m.a. vegna eins íþróttafulltrúa, skíðaskála, sumarstarfs og þjónustu á vegum félagsins.

Fram skal greiða rekstrarkostnað vegna Íþróttamiðstöðvar og valla, þ.m.t. laun starfsmanna sem starfa við umsjón fasteignar, valla og við bað- og búningasklefavörslu, rafmagn, hita, kalt vatn og kostnað við ræstingar og útkalla vegna brunavarna- og innbrotakerfis.

Fram skal kaupa ábyrgðartryggingu vegna starfsmanna hússins og ber ábyrgð á því skaðabótaskylda tjóni sem gestir kunna að verða fyrir og rekja má til vanrækslu á viðhaldi, sem er á ábyrgð félagsins, eða umsjón félagsins á íþróttamannvirkjum.

Fram skuldbindur sig til að halda við þeim mannvirkjum sem samningur þessi nær til og annast allt viðhald og lagfæringar, sem nauðsynlegar verða á samningstímanum. Meiriháttar viðhald



mannvirkja er á ábyrgð Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg greiðir einnig öll opinber gjöld af mannvirkinu þ.m.t. fasteignaskatt, lóðarleigu og önnur sambærileg gjöld.

Reykjavíkurborg mun greiða fyrir kostnað við brunavarna- og innbrotakerfi. Kostnaður af útköllum vegna bruna- og innbrotakerfis verður greiddur af Reykjavíkurborg og skal Fram endurgreiða hann í desember ár hvert.

Menningar og íþróttasvið Reykjavíkurborgar (hér eftir nefnt „MÍR“) er leigutaki á mannvirkjum borgarinnar og greiðir innri leigu vegna mannvirkisins til Eignasjóðs Reykjavíkur.

#### **4. gr.**

Í Íþróttahúsinu fer fram íþróttakennsla á vegum skóla- og frístundasviðs. Fram skal annast gæslu á bað- og búningsklefum og þrif. Skólar skulu hafa forgang um tíma í íþróttahúsinu frá 8:00 – 15:00 alla virka daga á meðan skólastarf er. Fram skal hafa samskipti við skólana um niðurröðun á tímum og hvenær skólinn er með starfsemi í íþróttahúsinu.

#### **5. gr.**

Rekstrarframlag Reykjavíkurborgar til Fram vegna þessa skal vera samkvæmt áætlun kr. 84.094.614,- á árið 2024 og 86.785.641,- fyrir árið 2025. Greiðslurnar frá árinu 2025 skulu verðbætast í samræmi við breytingu á launavísitölu frá janúar 2025 og vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í janúar 2025. Greiðslurnar skulu uppreiknast árlega í janúar, 50% vegna launavísitölu og 50% vegna neysluvísitölu.

Fram er eigandi að félagsaðstöðu í íþróttamiðstöðinni en MÍR eru heimiluð afnot af félagsaðstöðu á samningstímanum fyrir fundi og ráðstefnur MÍR/Reykjavíkurborgar án endurgjalds.

Fram skal gera ársuppgjör og leggja fyrir MÍR fyrir 1. maí ár hvert.

#### **6. gr.**

Sameiginlegur kostnaður sem fellur til svo sem vegna þrifa á sameiginlegum rímum hússins, sorphirðu, snjómoksturs ofl. mun MÍR bera kostnað af.

#### **7. gr.**

Verði veruleg breyting á rekstri samkvæmt samningi þessum, frá því sem er við undirritun samnings, svo sem vegna kjarasamninga, er samningsaðilum heimilt að óska eftir endurskoðun á samningnum og skal ósk um slíkt berast til menningar-, íþrótt- og tómsundaráðs.

#### **8. gr.**

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki borgarstjórnar á fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar ár hvert.

#### **9. gr.**

Samningur þessi gildir frá og með 1. janúar 2024 og gildir til 31. desember 2026. Samningur þessi er uppegjanlegur af beggja hálfu með 6 mánaðar fyrirvara frá þeim degi þegar tilkynning um uppsögn er send gagnaðila með sannanlegum hætti.

**10. gr.**

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi er þrjár blaðsíður, gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík, \_\_ 2024

F.h.Reykjavíkurborgar

F.h. Knattspyrnufélags Fram

---

---

DRÖG

# Samkomulag um Rey Cup Alþjóðlegu knattspyrnuhátíðina í Reykjavík

Þessi samningur er gerður á milli Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík, og Knattspyrnufélagsins Þróttar, kt. 470678-0119, Engjavegi 7, 104 Reykjavík, (hér eftir nefnt „Þróttur“), saman nefnd „samningsaðilar“.

Markmið þessa samkomulags er að þróa áfram alþjóðlegan árlegan íþróttaviðburð í Reykjavík. Byggt skal á þeim grunni sem lagður var árið 2002 með tilurð Rey Cup Alþjóðlegu knattspyrnuhátíðarinnar í Reykjavík („Reykjavík International Football Festival“). Um er að ræða unglinga, drengi og stúlkur, á aldrinum 13 til 16 ára. Leiði þróun Rey Cup til þess að samningsaðilar telji að þátttaka annarra aldurshópa styrki viðburðinn þarf samþykki beggja aðila til að gerð sé slík breyting.

## 1. gr.

Reykjavíkurborg leggur Rey Cup til styrk og/eða aðstöðu eða aðra aðstoð samanber eftirfarandi:

- Reykjavíkurborg útvegar húsnæði fyrir keppendur í skólahúsnæði í samráði við Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar (hér eftir nefnt „SFS“). Þróttur útvegar allt starfsfólk og gæslu meðan á mótinu stendur og skilar húsnæðinu í sama ástandi og þegar við því var tekið. Tveimur mánuðum fyrir mót skal Þróttur senda lista yfir áætlaða gististaði og áætlaðar gistinætur og þarf hann að vera samþykktur af Menningar og íþróttasviði Reykjavíkurborgar (hér eftir nefnt „MÍR“). Reykjavíkurborg mun ekki greiða hærrí upphæð en kr. 6.500.000– á ári vegna afnota af skólahúsnæði. Ef upphæðin fer yfir 6.500.000 kr á ári þá skal Þróttur greiða þann umframkostnað.
- Þróttur gerir samning við SFS eða hvern þann skóla sem notaður er fyrir gistingu í samráði við MÍR. MÍR mun greiða viðkomandi skóla gjald fyrir afnot af skólanum vegna Rey Cup.
- Reykjavíkurborg mun veita aðgang að mannvirkjum í Laugardal eftir því sem kostur er til að mæta vexti og viðgangi Rey Cup.
- Reykjavíkurborg mun veita öllum þátttakendum á Rey Cup gjaldfrjálsan aðgang að Laugardalslaug þá daga sem mótið er haldið.
- Reykjavíkurborg skal útvega geymsluaðstöðu fyrir tæki og annan búnað sem nauðsynlegur er vegna Rey Cup.

## 2. gr.

Starfsfólk og stjórn Þróttar skal kynna sér; siðareglur, jafnréttisstefnu og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og fylgja þeim. Þróttur skal jafnframt veita upplýsingar um þátttöku í mótinu eftir kyni sé þess óskað.

Þróttur skal láta þess getið í öllu kynningarefni á vegum Rey Cup að félagið hafi hlotið styrk frá Reykjavíkurborg og skal kynningarefni auðkennt með merki Reykjavíkurborgar

## 3. gr.

Þróttur tekur að sér að skipuleggja og reka þennan viðburð fyrir innlenda og erlenda þátttakendur og gesti í Reykjavík, útvegar starfsfólk og sér um tæknilega útfærslu, skipulag og framkvæmd á knattspyrnuháttíðinni. Rey Cup er sjálfstæð rekstrareining innan Þróttar og skipar aðalstjórn félagsins sérstaka stjórn Rey Cup. Stjórn Rey Cup, í umboði aðalstjórnar, fer með ábyrgð á skipulagi, framkvæmd og rekstri Rey Cup auk þess að fara með yfirumsjón með viðburðinum þ.m.t. mönnun nefnda og starfshópa svo og starfsmannahaldi. Rey Cup aflar sér frekari fjár til rekstrar með framlögum frá fyrirtækjum og ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri þess.

Rey Cup ber ábyrgð á samningum við aðra aðila svo sem vegna snyrtinga, gáma, fæðis, hótela og strætisvagnaferða.

## 4. gr.

Árlegt fjárframlag Reykjavíkurborgar til Þróttar vegna Rey Cup er kr. 4.000.000,-.

Að auki leggur Reykjavíkurborg til aðra þá þætti sem fram koma í 2. gr.

Fjárveiting er með fyrirvara um fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar ár hvert.

## 5. gr.

Umfang mótsins ár hvert miðast við að þáttökulið verði um 100 lið með um 1400 þátttakendum auk um 200 þjálfara og fararstjóra. Þátttakendur gista í fimm grunnskólum og frístundaheimilum umhverfis Laugardalinn. Markmiðið er að nær öll keppnin fari fram á svæði Þróttar í Laugardalnum.

## 6. gr.

Þetta samkomulag gildir frá og með 1. janúar 2025 til og með 31. desember 2027.

Á gildistíma samkomulagsins er stefnt að því að halda Rey Cup sem hér segir:

2025 – júlí, miðvikudag til og með sunnudags

2026 – júlí, miðvikudag til og með sunnudags

2027 – júlí, miðvikudag til og með sunnudags

Samningsaðilar eru sammála um að til greina komi að breyta dagsetningum eða öðrum ákvæðum samningsins ef ástæða þykir. Til að slíkar breytingar geti tekið gildi þarf samþykki beggja samningsaðila.

Þróttur skal skila MÍR sérstökum ársreikningi ár hvert vegna Rey Cup.

Gert er ráð fyrir að samningurinn verði endurskoðaður í lok samningstímans með áframhaldandi samstarf í huga og verði því lokið eigi síðar en 30. september 2026.

**7. gr.**

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningi þessum og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu Þróttar. Telji annar samningsaðila sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal tilkynnt um það tafarlaust skriflega. Ef fjárframlag frá Reykjavíkurborg er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhögg við markmið og stefnu hennar áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að rifta samningum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað.

Rísi mál vegna samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi er þrjár blaðsíður, gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík, \_\_. desember 2024.

F.h. Reykjavíkurborgar/ÍTR

F.h. Knattspyrnufélagsins Þróttar

---

---

# SAMNINGUR

---

Reykjavíkurborg annars vegar og Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR) hins vegar gera með sér svofelldan samning.

## 1. gr.

ÍBR sér um allan rekstur Skautahallarinnar í Laugardal og þeirra mannvirkja sem svellinu tengjast samkvæmt nánari ákvæðum samnings þessa. Stjórn ÍBR ber ábyrgð á rekstrinum og dagleg umsýsla er á höndum starfsmanna Skautahallarinnar og skrifstofu ÍBR.

Til að hafa umsjón með rekstri Skautahallarinnar og framgangi samnings þessa skal skipuð fimm manna rekstrarstjórn og þrír til vara. Tveir fulltrúar skulu tilnefndir af ÍBR, þar af formaður, einn fulltrúi frá menningar og íþróttasviði Reykjavík og tveir fulltrúar skautafélaganna sem nýta Skautahöllina.

## 2. gr.

ÍBR annast alla þjónustu við almenning, æfingar og mót. Samráð verði á milli ÍBR og MÍR um niðurröðun opnunartíma fyrir almenning, leikja, móta og æfinga. Tímanlega fyrir hvert æfinga- og keppnistímabil skal liggja fyrir áætlun um mót, æfingar og leiki í Skautahöllinni. Úthlutun tíma fyrir æfingar og mót skal gerð af ÍBR.

## 3. gr.

Starfsmenn Skautahallarinnar skulu ráðnir af ÍBR og eru þeir starfsmenn ÍBR og tekur ÍBR að sér allan kostnað vegna starfsmannahalds.

## 4. gr.

ÍBR greiðir rekstrarkostnað vegna Skautahallarinnar, svo sem rafmagn og hita, rekstrarvörur. ÍBR skal kaupa ábyrgðartryggingu vegna starfsmanna og notenda svellsins og bera ábyrgð á því tjóni sem gestir geta orðið fyrir og rekja má til vanrækslu á viðhaldi eða umsjón svellsins og annarra mannvirkja.

## 5. gr.

ÍBR skuldbindur sig til að fylgjast með því að þau mannvirki sem samningur þessi nær til við fá almennt viðhald og lagfæringar sem nauðsynlegar verða á samningstímanum. Samráð skal haft við Umhverfis- og skipulagssvið varðandi áætlanir um viðhald og endurbætur Skautahallarinnar.

Við upphaf samnings þessa skal gerð heildarúttekt á ástandi mannvirkisins.

ÍBR skal taka að sér tilfallandi minniháttar viðhald þannig að byggingarhlutar sem eru í daglegri notkun séu snyrtilegir og valdi ekki hættu. Til slíks eðlilegs viðhalds telst málun á umferðarsvæðum smávægilegar viðgerðir á gólfefnum, viðgerðir á brotum eða skemmdum og viðhald hreinlætistækja.

Umhverfis- og skipulagssvið skal árlega ásamt fulltrúa ÍBR taka út ástand mannvirkja og gera áætlun um tilfallandi eðlilegt viðhald samkv. ofanskráðu og gera tillögur um meiriháttar viðhald eða endurbætur ef þörf krefur sem Reykjavíkurborg greiðir. Skulu tillögur þessar lagðar fyrir borgaryfirvöld.

Aðilar eru sammála um að hefja á árinu 2024 vinnu við fullhönnun vegna nýs svells, viðbygginga og breytinga á núverandi mannvirki í samræmi við fyrirliggjandi tillögur.

MÍR greiðir innri leigu til eignasjóðs.

#### 6. gr.

Styrkur Reykjavíkurborgar vegna afnota fyrir íþróttæfingar og mót í Skautahöllinni skal vera 61.507.070 kr. sem skulu greiðast með jöfnum greiðslum mánaðarlega. ÍBR annast þessar greiðslur til Skautahallarinnar í samræmi við reglur ÍBR og MÍR um styrki til æfinga og keppni í íþróttamannvirkjum. MÍR mun greiða Eignarsjóði alla innri leigu vegna Skautahallarinnar alls kr. 116.966.406. Tíma utan þess tímabils sem tilgreint er í þessari grein og umfram skilgreinds tímafjölda getur ÍBR leigt til annarra aðila.

Fjárveiting Reykjavíkurborgar er háð samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar ár hvert.

#### 7. gr.

Tekjur sem kunna að myndast af annarri starfsemi s.s. húsaleigu, auglýsingum, veitingasölu og fleira skal renna til ÍBR samkvæmt ákvörðun stjórnar ÍBR.

#### 8. gr.

ÍBR mun skila sérstökum ársreikningi vegna reksturs Skautahallarinnar.

Ársreikningurinn verður lagður fyrir stjórn Skautahallarinnar og ÍBR til samþykktar og skal vera aðgengilegur fyrir yfirvöld Reykjavíkurborgar.

#### 9. gr.

Komi upp svo andstæð sjónarmið varðandi þann rekstur sem samningur þessi tekur til er báðum aðilum heimilt að segja samningnum upp með sex mánaða fyrirvara.

#### 10. gr.

Aðilar eru sammála um að tveimur árum áður en samningurinn rennur út skuli teknar upp viðræður um endurnýjun samningsins eða samningslok og skal ákvörðun liggja fyrir hálfu ári fyrir samningslok.

#### 11. gr.

Samningur þessi er til 3 ára frá og með 1. janúar 2024 til 31. desember 2026.

#### 12. gr.

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, . desember 2024.

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Íþróttabandalags Reykjavíkur

DRÖG



Reykjavíkurborg kt. 530269-7609 Ráðhúsi Reykjavíkur, 101 Reykjavík, hér eftir nefnd styrkveitandi annars vegar og Skáksamband Íslands kt. 580269-5409, hér eftir nefndur styrkþegi hins vegar, gera með sér svohljóðandi

## S A M N I N G

### 1. gr.

Til að styðja við kostnað af mótshaldi við Reykjavíkurskákímót mun styrkveitandi veita styrkþega árlegan styrk að fjárhæð kr. 3.700.000.- á tímabilinu 2025 til 2026. Samtals nemur fjárhæðin kr. 7.400.000.- á samningstímanum.

### 2.gr.

Styrkur styrkveitanda samkvæmt samningi þessum er veittur til stuðnings við Reykjavíkurskákímót árin 2025 og 2026.

### 3. gr.

Á öllu kynningarefni styrkþega skal koma fram að þeir njóti styrks frá Reykjavíkurborg. Hér er slóða á merki Reykjavíkurborgar:

<https://reykjavik.is/midlun>

### 4. gr.

Við lok samningstímans skulu styrkþegar skila ítarlegri greinargerð til Reykjavíkurborgar þar sem fram kemur hvernig styrknum var ráðstafað á hverju ári sem og ársreikningur eftir því sem við á. Skáksambandið skal árlega leggja fram yfirlit yfir iðkendafjölda í skákhreyfingunni, eftir aldri og kyni. Starfsfólk og stjórn Skáksambands Íslands skal kynna sér; siðareglur, jafnréttisstefnu og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og fylgja þeim.

### 5. gr.

Greiðslur samkvæmt samningi þessum skulu fara fram í febrúar á ári hverju og verður greiddur á reikning nr. 101-26-12763, kt. 580269-5409.

### 6.gr.

Gildistími samnings þessa er frá 1. janúar 2025 og gildir til 31. desember 2026. Hvor aðili um sig getur þó sagt samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara. Greiðslur samkvæmt samningi þessum eru jafnframt háðar ákvörðunum í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar ár hvert.

7. gr.

Ef sýnt þykir að framlag styrkveitanda hafi verið notað í öðrum tilgangi en samningur þessi eða væntingar styrkveitanda standa til, eða ef styrkþegar uppfylla ekki ákvæði sammingsins að öðru leyti, áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta að öllu leyti og rifta samningnum.

8. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum. Undirritaðir aðilar staðfesta samning þennan með undirritun sinni í votta viðurvist og staðfesta að þeir hafa fullt umboð til að skuldbinda sammingsaðila í samræmi við ákvæði hans.

Reykjavík, \_\_. desember 2024.

---

F.h. Reykjavíkurborgar

---

F.h. Skáksambands Íslands.

Undirritaðir aðilar, Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur og Tónhylur kt. 660618-0150 gera með sér eftirfarandi:

## **SAMSTARFSSAMNING**

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Tónhyl frá 1. janúar 2025 til 31. desember 2027.

### **1. gr. Hlutverk og markmið Tónhyls:**

Tónhylur er tónlistarklassi í Reykjavík sem hefur það að markmiði að byggja upp aðstöðu og samfélag fyrir tónlistarfólk og aðrar skapandi greinar sem hafa tengingu við tónlist. Samhliða því er félagið með öflugt uppeldis- og ungmennastarf fyrir unga lagahöfunda þar sem meðal annars er boðið upp á fyrsta flokks aðstöðu, þjálfun og stuðning í lagasmíðum, upptökutækni og hljóðblöndun. Þá hefur félagið einnig staðið fyrir fjölbreyttum viðburðum fyrir ungt fólk, lagasmíðabúðum og framleitt metnaðarfullt fræðsluefni.

Með þessi markmið að leiðarljósi er félagið bæði að taka þátt í uppbyggingu menningarlífs í Reykjavík ásamt því að brúa bilið á milli menningargeirans og þeirra sem eru að stíga sín fyrstu skref.

Í því skyni mun Tónhylur leggja áherslu á eftirfarandi meginatriði:

1. Að standa fyrir og styðja við tónlistarviðburði sem snúa að ungu fólki.
2. Að byggja upp aðstöðu þar sem ungt fólk getur skapað, iðkað og tekið upp tónlist.
3. Að styðja, leiðbeina og hvetja ungt fólk til tónlistariðkunar.

Með þessi markmið að leiðarljósi, mun Tónhylur taka virkan þátt í að byggja upp samfélag einstaklinga sem hafa áhuga á tónlist og tónlistariðkun. Áhugi á tónlist þarf ekki bara að einskorðast við hljóðfæraleikara, heldur getur einnig verið um að ræða tæknimenn, upptökustjóra, útsetjara, lagahöfunda, umboðsmennsku, kynningarfulltrúa, viðburðarstjóra, rötara og alla sem áhuga hafa á tónlist og vilja taka þátt.

### **2. gr. Skyldur Tónhyls**

Tónhylur skal kynna sér styrkjareglur Reykjavíkurborgar, mannréttinda- og jafnréttisstefnu Reykjavíkurborgar og fylgja þeim. Tónhylur skal jafnframt veita upplýsingar um þátttöku í starfi eftir kyni sé þess óskað. Tónhylur skal ávalt láta þess getið í öllu kynningarefni á vegum félagsins að félagið hafi hlotið styrk frá Reykjavíkurborg og skal auðkennt með merki Reykjavíkurborgar.

### **3. gr. Framlag Reykjavíkurborgar**

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Tónhylur árlega til í beinum fjárframlögum kr. 10.000.000.-

Greiðslur vegna 2025, 2026 og 2027 greiðast 15. janúar og 15. júní ár hvert. Greiðslurnar skulu greiddar inn á reikning Tónhyls nr.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna áráanna 2025, 2026 og 2027 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar hverju sinni. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til verkefnisins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun starfseminnar að breyttri fjárveitingu. Tónhyl er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

Styrkurinn er vegna leigu á húsnæði sem snýr að uppeldis- og ungmennastarfi félagsins. Þar er lögð áhersla á að ungt fólk geti komið og iðkað og tekið upp sína tónlist undir handleiðslu leiðbeinanda og atvinnutónlistarfólks. Félagið mun leggja áherslu á austurhverfi borgarinnar, Árbæjarhverfi, Breiðholti, Grafarvogi og Grafarholtshverfi.

#### **4. gr. Samskipti og eftirlit**

Menningarborgin er tengiliður samningsins við Tónhyl. Samráðsfundir skulu haldnir einu sinni á ári á samningstímanum, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögu félagasamtakanna að verkefnaáætlun fyrir komandi starfsár. Tónhylur skilar greinargerð og ársreikning ár hvert og áætlun um rekstur og starfsemi næsta árs.

#### **5. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings**

Telji Tónhylur hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur skal menningarborginni tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til Tónhylur hefur sýnt fram á að félagið muni standa við samningsbundnar skyldur samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti hefur Reykjavíkurborg heimild til riftunar á samningnum.

#### **6. gr. Gildistími**

Samningur þessi gildir frá og með 1. janúar 2025 með fyrirvara um heimildir í fjárhagsáætlun 2025, 2026 og 2027. Samningurinn gildir til 31. desember 2027. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

#### **7. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála**

Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, \_\_. desember 2024

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Tónhýls

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:

Dröös

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609 og Félag tónlistarþróunarmiðstöðvar (hér eftir nefnt TÞM) kt. 700702-2270 gera með sér svohljóðandi:

### Samning vegna:

### Starfseminnar á árunum 2025

#### 1. gr.

Samningur þessi er gerður á grunni samstarfs Reykjavíkurborgar og TÞM á liðnum árum.

TÞM sinnir þjónustu við unga og óreynda tónlistarmenn og lengra komna. Umsjón og fræðslu á sviði tónlistarflutnings. Tæknileg aðstoð við æfingar og tónleikahald. Ráðgjöf við upptökur og útgáfu á tónlist. Viðhald og viðgerðir á hljóðfærum. Tónleikahald og viðburðir og flest það sem hvetur til tónlistarsköpunar.

#### 2. gr.

TÞM skal skila menningar- og íþróttasviði (hér eftir nefnt MÍR) ársreikningi og starfsskýrslu þar sem fram kemur framvinda verkefnisins fyrir lok hvers árs í samræmi við 10. gr. reglna Reykjavíkurborgar um styrki. Skili TÞM ekki inn ársreikningi og starfsskýrslu fyrir 1. apríl fellur samningurinn úr gildi og Reykjavíkurborg er heimilt að krefja TÞM um endurgreiðslu þess sem þegar hefur verið greitt.

TÞM skal veita upplýsingar um þátttöku í starfinu, eftir kyni og aldri sé þess óskað. Samkvæmt styrkjareglum Reykjavíkurborgar skulu styrkþegar hafa kynnt sér styrkjareglur Reykjavíkurborgar og skal hafa virka jafnréttisstefnu, siðareglur og fylgja mannréttinda- og forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar.

#### 3. gr.

Veittur er styrkur til TÞM fyrir árið 2025 að fjárhæð kr. 6.000.000. Styrkurinn greiðist sem hér segir ár hvert:

1. maí	3.000.000.-
1. sept.	3.000.000.-

Greiðsla skal innt af hendi inn á bankareikning styrkþega nr. 0101-05-361971. Fjárveitingin er með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar ár hvert.

#### 3.gr.

Umsjón og eftirlit með styrkveitingunni og framkvæmd verkefnisins fyrir Reykjavíkurborg er hjá MÍR. Abyrgðaraðili og tengiliður verkefnisins fyrir hönd TÞM er formaður félagsins.

#### 4.gr.

TÞM skal ávallt láta þess getið í öllu kynningarefni að félagið hafi hlotið styrk frá Reykjavíkurborg og skal verkefnið auðkennt með merki Reykjavíkurborgar. TÞM er skylt að kynna verkefnið hjá fagsviðum og fagraðum Reykjavíkurborgar hvenær sem þess er óskað án sérstakrar þóknunar.

## 5.gr.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningi þessum og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannarlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu TBM. Telji annar samningsaðili sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal tilkynnt um það tafarlaust skriflega. Ef fjárframlag frá Reykjavíkurborg er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhögg við markmið og stefnu borgarinnar áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að rifta samningum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað. Rísi mál vegna samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## Framsal

Samningur þessi tekur gildi frá og með 1. janúar 2025 og gildir til 31. desember 2025. Hvor aðili um sig getur þó óskað endurskoðunar á samningnum á samningstímanum.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík, \_\_. desember 2024

\_\_\_\_\_  
F.h. TBM

\_\_\_\_\_  
F.h. Reykjavíkurborgar

Vottar:

# Samstarfssamningur um styrk til viðburðarhalds á vegum ÍBR í Reykjavík

Þessi samningur er gerður á milli Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Íþróttabandalags Reykjavíkur, kt. 670169-1709 (hér eftir nefnt „ÍBR“).

## 1. gr. Markmið

Markmið þessa samnings er að styðja við viðburðahald ÍBR. Með samningnum er stutt við samfellu, framþróun og rekstrarlegan grundvöll helstu íþróttaviðburða í Reykjavík, sem þegar hafa sannað ótvírætt gildi sitt hvað varðar þýðingu fyrir bæði íþróttastarfið, menningarlífið í borginni, alþjóðleg tengsl, jákvæð áhrif á ferðamennsku og ímynd Reykjavíkur auk efnahagslegs umfangs.

## 2. gr. Viðburðir

ÍBR mun halda íþróttaviðburðina Reykjavíkumaraþon, Reykjavíkurlleika, Norðurljósahlaup, Miðnæturlaup og Laugavegshlaupið árlega 2024, 2025 og 2026.

ÍBR mun veita borginni ráðgjöf er varðar annað viðburðahald, vinna náið með borginni að þróun nýrra viðburða, og mögulega taka að sér framkvæmd viðburða.

## 3. gr. Kynningarmál

Á öllu kynningarefni ÍBR vegna framangreindra viðburða, jafnt innanlands sem utan, skal koma fram á áberandi hátt að viðburðirnir séu styrktir af Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborgar skal þannig getið sem bakhjarls í öllu kynningar- og markaðsefni, þ. á m. á vefsvæði, í auglýsingum, veggspjöldum, bæklingum, markaðspósti, boðskortum og í allri sérstakri útgáfu með því að hafa auðkennismerki Reykjavíkurborgar sýnilegt.

ÍBR skal hafa samstarf við skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til að kynna og markaðssetja viðburði sem ætla má að höfði til erlendra ferðamanna. Frekara samstarf um móttöku erlendra fjölmiðla verður samkvæmt nánara samkomulagi á milli ÍBR og menningar og íþróttasviðs á hverjum tíma.

## 4. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg ÍBR til í beinum fjárframlögum kr. 18.336.000.- ár hvert.

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning ÍBR 0336-26-987, kt. 670169-1709 og greiðist í tveimur greiðslum samkvæmt samkomulagi

Reykjavíkurborg leggur einnig til lokanir og hreinsun gatna vegna Reykjavíkumaraþons, Norðurljósahlaups, Reykjavíkurlleika og Miðnæturlaups.

Reykjavíkurborg heimilar að línur sem þátttakendur fylgja á leið sinni verði málaðar. ÍBR annast framkvæmd, málun og þrif með umhverfisvænum efnum. Til að auka öryggi þátttakenda mun Reykjavíkurborg sjá til þess að sem flestum götum verði lokað auk þess sem að borgin mun lagfæra götur og stíga þar sem þörf er á.

Reykjavíkurborg leggur til húsnæði fyrir viðburði, sbr. aðstöðu vegna afhendingu gagna, hátíðardagskrár Reykjavíkurlleika og alls þess er viðkemur íþróttaviðburðahaldi. Leiga hjá Íþrótt- og sýningarhöll, og öðrum mannvirkjum fellur þar undir svo lengi sem það fellur ekki undir æfinga- og keppnisstyrki MÍR/ÍBR (gert upp í lok hvers árs).

Auk þess býður menningar og íþróttasvið öllum þátttakendum í viðburðum ÍBR einn frían aðgang í sund á viðburðardegi samkvæmt samningi þessum.



Framlög Reykjavíkurborgar vegna áráanna 2024-2026 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar hverju sinni. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun viðburða að breyttri fjárveitingu.

### **5. gr. Samskipti**

Menningar og íþróttasvið Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins auk samstarfs sem ÍBR skal hafa við skrifstofu borgarstjóra og borgarritara um kynningarmál. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í febrúar árlega á samningstímanum, þar sem farið verður yfir fyrirhugaða framkvæmd samningsins og tillögu ÍBR að áherslum gagnvart íþróttaviðburðahaldi. ÍBR skal skila skýrslu um framkvæmd og fjárhagsuppgjör viðburðanna til skrifstofu menningar og íþróttasviðs eigi síðar en 15. nóvember ár hvert. Boðað verður til annars samráðsfundar reynist tilefni til. ÍBR skuldbindur sig jafnframt til að leggja árlega fram endurskoðað uppgjör eða áritaðan ársreikning vegna viðburða undanliðins árs á árlegum fundum. Sviðsstjóri menningar og íþróttasviðs boðar til fundanna.

### **6. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings**

Telji ÍBR hættu á að það geti ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal menningar og íþróttasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til ÍBR hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum áskilja aðilar sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða að einhverju leyti eða rifta samningnum.

### **7. gr. Ábyrgð**

ÍBR ber ábyrgð á íþróttaviðburðunum, fagmennsku þeirra, öryggi og gæðum. ÍBR stýrir allri framkvæmd og vali á dagskrá og sækir um öll leyfi til skemmtanahalds og annarra uppákoma sem snerta viðburðina til þar bærra yfirvalda og stofnana og greiðir viðhlítandi gjöld. ÍBR ber ábyrgð á skuldbindingum sem bandalagið eða aðilar á þeirra vegum stofna til í tengslum við þennan samning. ÍBR er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

### **8. gr.**

Samningurinn gildir frá 1. janúar 2024 til 31. desember 2026. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Samningsaðilum er heimilt að óska eftir endurskoðun samningsins vegna breyttra aðstæðna.

### **9. gr.**

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, \_\_. desember 2024

---

F.h. Reykjavíkurborgar

---

F.h. Íþróttabandalags Reykjavíkur

Menningar- og íþróttasvið, f.h. Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 og Bandalag íslenskra listamanna (BÍL), kt. 440169-2959, gera með sér svohljóðandi

## **Þjónustusamning um samvinnu á sviði menningarmála**

### **1. gr. Tilgangur og gildissvið**

Reykjavíkurborg og BÍL hafa gert þjónustusamning frá árinu 2007 og eru sammála um að halda áfram samstarfi sínu næsta árið. Markmið samstarfsins er gagnkvæmur ávinningur þar sem Reykjavíkurborg styrkir starf BÍL sem veitir Reykjavíkurborg ráðgjöf og aðstoð samkvæmt nánara samkomulagi.

### **2. gr. Samningsverkið**

Bandalag íslenskra listamanna lætur Reykjavíkurborg í té umsagnir, álitserðir, upplýsingar og ráðgjöf um mál sem Reykjavíkurborg vísar til slíkrar umfjöllunar. BÍL hefur einnig milligöngu um öflun upplýsinga og umsagna frá einstökum aðildarfélögum óski Reykjavíkurborg þess.

Málefnasvið sem umfjöllun samkvæmt málsgrein þessari getur tekið til eru meðal annars: Samstarf um endurskoðun menningarstefnu fyrir Reykjavíkurborg og úttektir henni tengdar. Stefnumörkun í einstökum greinum lista, tölfræði um listalíf í Reykjavík, tilnefningar stjórnar BÍL í ráðgjafahópa að ósk menningar- íþrótt- og tómstundaráðs, s.s. um styrkveitingar og tilnefningar áheyrnarfulltrúa á fundum ráðsins. Undirbúningur opinberra funda á vegum Reykjavíkurborgar er varða listir og menningu og kynning á íslenski list, m.a. í skólum. Jafnframt fjölþjóðlegt samstarf á sviði lista og önnur mál er varða listir og listamenn almennt er geta komið Reykjavíkurborg til góða. Markmið samvinnunnar er meðal annars að stuðla að því að fyrir hendi séu jafnan sem gleggstar upplýsingar um listalífið í Reykjavíkurborg og þróun þess.

### **3. gr. Fjárhagsskuldbindingar og greiðslur**

Samningur þessi gildir fyrir árið 2024 og 2025. Reykjavíkurborg greiðir BÍL kr. 1.060.000 vegna ársins 2024 og 1.500.000.- fyrir árið 2025 af kostnaðarstað 09510 fyrir framangreinda þjónustu. Greiðslan er innt af hendi 1. – 3. júní 2024 annars vegar og 1. – 3. júní 2025 hins vegar gegn framvísun reiknings.

### **4. gr. Ábyrgðaraðilar og tengiliðir**

Umsjón og eftirlit með framkvæmd samnings þessa er hjá skrifstofu menningarmála, menningarborginni á Menningar- og íþróttasviði Reykjavíkurborgar. Forseti BÍL hefur umsjón með framkvæmd samningsins fyrir hönd samtakanna og er tengiliður við Reykjavíkurborg.

### **5. gr. Eftirlit, eftirfylgni og kynningarmál**

BÍL skal skila greinargerð að loknu starfsárinu um ráðstöfun fjárframlags Reykjavíkurborgar og framvindu samstarfsins, í síðasta lagi 1. maí 2025 vegna ársins 2024 og 1. maí 2026 vegna ársins 2025, og ársreikningi þegar hann liggur fyrir en þó eigi síðar en á samráðsfundi aðila. Samráðsfund skal halda í maí þar sem farið er yfir framkvæmd samningsins. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna.

BÍL skal halda kynningu á því verki sem fjárveiting fór til án sérstakrar þóknunar sé eftir því óskað af Reykjavíkurborg. Samtökin skulu upplýsa í kynningum á starfsemi sinni að þau séu styrkt af Reykjavíkurborg og getur félagið birt merki Reykjavíkurborgar í því skyni.

## 6. gr. Eignarréttur, höfundarréttur og trúnaður

Reykjavíkurborg er eigandi gagna sem myndast við vinnslu verkefna samkvæmt samningi þessum. Þeim má ekki dreifa eða afhenda án heimildar Reykjavíkurborgar sem fer með höfundarrétt hugverka og útgáfurétt rita.

Samningsaðilar skulu virða sem trúnaðarmál allar þær upplýsingar um starfsemi gagnaðila sem þeir kunna að öðlast við framkvæmd samnings þessa, enda séu þær ekki almennt þekktar eða hafi verið gerðar opinberar. Þagnarskyldan helst eftir lok efnda á samningi þessum.

## 7. gr. Fyrirvarar, vanefndir og meðferð deilumála

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki borgarráðs.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningi þessum og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu BÍL. Telji annar samstarfsaðili sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal tilkynnt um það tafarlaust skriflega. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er Reykjavíkurborg heimilt að fella niður greiðslur til BÍL eða rifta samningnum. Ef fjárframlag frá Reykjavíkurborg er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhöggi við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að rifta samningnum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað.

Skuldbindingar sem í samningi þessum felast skulu í engu raska sjálfstæði BÍL sem óháðra samtaka og skerða ekki möguleika þess að koma sjónarmiðum á framfæri við Reykjavíkurborg að eigin frumkvæði.

Rísi mál vegna samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## 8. gr. Framsal

BÍL er óheimilt að framselja skyldur sínar samkvæmt samningi þessum án samþykkis Reykjavíkurborgar.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Samningur þessi er staðfestur með rafrænni undirritun fulltrúa beggja aðila samningsins.

Reykjavík, desember 2024.

f.h. Reykjavíkurborgar  
Arnfríður Valdimarsdóttir

f.h. Bandalags íslenskra listamanna,  
Jóna Hlín Halldórsdóttir